



Júní 2023

Ágætu félagar

Komið er að lokum þessa skólaárs og við í stjórn félagsins Uppbygging sjálfsgaga vonum að veturinn hafi verið ykkur góður og þið hafið náð fram þeim markmiðum sem þið settuð ykkur.

Haustið fór vel af stað og voru haldin námskeið vítt og breitt um landið. Námskeið voru haldin í Kópavogi, Seltjarnarnesi, Ísafirði, Egilsstöðum, Garðabæ og á Suðurnesjum. Auk þess var félagið með kynningarbás á ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun sem haldin var í Stapaskóla í ágúst.

Í vetur hafa einnig verið styttri fræðslufundir, kynningar og vinnufundir með skólafólki í hinum ýmsu skólum. Formaður fór í heimsókn í nokkra leik- og grunnskóla á Austfjörðum í september og voru það einstaklega ánægjulegar heimsóknir. Í þessum heimsóknum voru ýmist haldnir hvatningafundir með starfsmannahópum eða leiðtogum skólanna.

Eftir áramótin fór af stað fræðsla fyrir leiðtoga innan uppbyggingaskólanna. Fanney Halldórsdóttir og Guðbjörg Sveinsdóttir sáu um fræðsluna sem fram fór á netinu. Haldinn var fundur í febrúar og síðan var skipt niður í hópa sem áttu að hittast tvisvar fram á vorið og ræða ákveðin málefni. Um miðjan maí var síðan lokafundurinn þar sem ræddar voru niðurstöður. Markmið þessarar fræðslu var að tengja leiðtoga saman þannig að þeir geti skiptst á upplýsingum, hugmyndum og verkfærum. Einnig var markmiðið að þetta tengslanet uppbyggingaskóla á Íslandi og efla samstarf milli þeirra. Rætt var um mismunandi hlutverk og verkefni leiðtoga. Ljóst er að nálgun/verkefni uppbyggingastefnunnar eru mismunandi eftir aldri nemenda. Einnig kom fram að skólar hafa þörf fyrir fræðslu sem nýtist beint út í skólastarfið en er ekki of fræðileg. Leiðtogar skiptust á hugmyndum og verkefnum. Rætt var um mikilvægi sýnileika stefnunnar í skólum og að vera með góðar kynningar í upphafi skólaárs fyrir nýliða. Rúmlega 60 manns voru skráðir í fræðsluna en því miður tókst ekki að tengja saman alla hópana. Þátttakendur voru sammála um að svona umræða væri góð. Leiðbeinendur voru þakklátir fyrir allar þær góðu ábendingar sem komu og við getum vonandi nýtt þær til að styðja enn betur við starfsfólk skólanna.

Stjórnin hefur síðustu misseri verið að vekja athygli á félaginu og starfi uppbyggingaskóla. Fundir hafa verið haldnir með HÍ- menntavísindasviði með það í huga að kynna stefnuna fyrir kennaranemum. Á vormánuðum var óskað eftir viðtalið við mennta- og barnamálaráðherra til að kynna stefnuna en við bíðum eftir viðbrögðum við því bréfi.

## Á döfinni:

Í ágúst verða nokkur námskeið á vegum félagsins eins og sjá má hér að neðan. Sum þeirra eru haldin fyrir ákveðna skóla og/eða sveitarfélög en ef áhugi er fyrir þátttöku má hafa samband og við athugum hvort það sé laust pláss. Skráning á opnu námskeiðin er á heimasíðunni, [www.uppbygging.is](http://www.uppbygging.is)

- 8.-9 ágúst Fjarðabyggð – lokað námskeið.
- 8.-9. ágúst Kópavogur – lokað námskeið.
- 10.-11. ágúst Reykjavík, Restitution I – sjá auglýsingu á heimasíðu.
- 15. ágúst Fjallabyggð – lokað námskeið.
- 15.-16. ágúst Egilsstaðaskóli – lokað námskeið.
- 17. ágúst Höfn í Hornarfirði – lokað námskeið.
- 20. september Stapaskóli - lokað námskeið.

Einnig er gert ráð fyrir styttri fræðslu s.s. upprifjunar- og hvatningafundum þar sem leiðbeinendur vinna með starfsfólki skóla. Þessi fræðsla er yfirleitt 1-3 klst.


Í sept/okt gerum við ráð fyrir að halda opið Restitution I- grunnnámskeið sérstaklega fyrir starfsfólk leikskóla, nánar um það síðar.

Haut 2024: Gert er ráð fyrir að Rebecca Gray leiðbeinandi frá Manitoba komi til landsins á vegum félagsins í byrjun október 2024 og verði með námskeið fyrir þá sem eru komnir með mikla reynslu og búnir með grunnnámskeið. Hún verður með námskeið 7.- 11. okt þar sem hún kennir Restitution II og Control Theory. Ekki er búið að fastsetja flug hennar til landsins þannig að enn er möguleiki fyrir skóla og sveitarfélög að fá Rebeccu til sín og halda námskeið sérstaklega fyrir ákveðna starfsmannahópa. Vinsamlegast hafið samband við Guðbjörgu formann sem fyrst ef áhugi er fyrir slíku samstarfi.

## Ýmislegt:

Hjá gjaldkera er til sölu margskonar varningur sem tengist stefnunni. Hægt er að kaupa úti- og innifána með merki félagsins, taupokar, lyklakippubönd, bækur og fleira. Allar vörur eru seldar á kostnaðarverði.

Félagið keypti í vetur útgáfurétt af flettibók um uppbyggingu sem starfsmenn leiksólans Arnarsmára höfðu unnið árið 2017 með leyfi Diane Gossen og Judy Anderson. Flettibækurnar sitja á borði, með gormum líkt og dagatal. Búið er að prenta nýtt upplag og eru flettibækurnar til sölu hjá gjaldkera fyrir kr. 3.000,-



Í dag eru 180 félagsmenn skráðir í félagið og um 120 skólastofnanir (leik-, grunn- og framhaldsskólar) skráðir styrktarskólar með yfir 23.000 þúsund nemendur. Árlega sækja um 1000 einstaklingar fræðslufundi og formleg námskeið á vegum félagsins og leiðbeinenda þess.

Það eru fleiri stofnanir en styrktarskólar sem nýta sér þessar vinnuáferðir og hugmyndafræði Uppbyggingar sjálfsaga í vinnu sinni og viljum við hvetja þá til að ganga til liðs við félagið og efla styrk okkar enn frekar.

Félagsgjald einstaklinga er kr. 2.800,- og er innheimt í september ár hver.

Árlegur styrkur fyrir skóla/stofnanir er miðaður við nemendafjölda og er greiðsluseðill/reikningur sendur út í byrjun október.

1-10 nem. = 2.900 kr. Félags- og þáttökustyrkur

11-100 nem. = 7.000 kr. Félags- og þáttökustyrkur

101-300 nem. = 13.000 kr. Félags- og þáttökustyrkur

301-500 nem. = 19.000 kr Félags- og þáttökustyrkur

501 og fl. = 25.000 kr. Félags- og þáttökustyrkur

Vinasamlegast hafið samband við gjaldkera til að gerast félagar og styðja við starfið okkar.

Sveinbjörn Markús Njálsson, gjaldkeri, [sveinbjorn.njalsson@gmail.com](mailto:sveinbjorn.njalsson@gmail.com)

Fyrir hönd stjórnar þakka ég ykkur öllum fyrir veturinn og hlakka til næsta vetrar með ykkur í uppbyggjandi starfi.

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður félagsins Uppbygging sjálfsaga

Netfang: [gudbjorgmsv@gmail.com](mailto:gudbjorgmsv@gmail.com)

Fésbók: uppbyggingsjalfsaga

Heimasíða: [www.uppbygging.is](http://www.uppbygging.is)

Uppbyggingar sjálfsaga, póstoffang: [uppbygging@uppbygging.is](mailto:uppbygging@uppbygging.is)